

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Félags geislafræðinga

1. Inngangur

1.1 Samningur þessi er gerður á grundvelli samkomulags um breytingar og framlengingu á kjarasamningum Félags geislafræðinga og fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs og á grundvelli úrskurðar Gerðardóms frá 14. ágúst 2015. Í stofnanasamningnum er tekið tillit til jafnlaunaátaks ríkisins samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 21. janúar 2013.

1.2 Aðilar að samkomulagi þessu eru Sjúkrahúsið á Akureyri og Félag geislafræðinga.

Launasetning forstöðumanns myndgreiningadeildar er í höndum framkvæmdastjórnar.

2. Skilmerki um flokkun starfa

Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka eru fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem felast í störfum geislafræðinga auk þeirrar færni sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Við mat á þessum þáttum skal miða við starfslýsingar, verklysingar og að öðru leyti mat á störfunum er byggi á hlutlægum mælikvörðum þannig að samræmis sé gætt milli sambærilegra starfa geislafræðinga.

3. Skilgreiningar á störfum

Í skilgreiningum á störfum geislafræðinga er lagt til grundvallar að draga fram grunnkröfur starfsins, ábyrgð, helstu þætti og markmið í starfsþróun. Í lýsingum á einstökum störfum er leitast við að takmarka endurtekningar, þó svo að þær kröfur sem koma fram í efnisatriðum hvers starfs fylgi að sjálfsögðu með í næsta starfi á eftir.

3.1 Almenn störf (störf 1 til 5)

Störf eru fimm og miðað við eftifarandi skilgreiningar:

• Starf 1: Byrjandi í starfi	launaflokkur	7.0
• Starf 2: Sjálfstæður í starfi (12 máán)	launaflokkur	8.0
• Starf 3: Fær í starfi (e. 3-5 ár)	launaflokkur	9.0
• Starf 4: Mjög fær í starfi (e. 8 ár)	launaflokkur	10.0
• Starf 5: Sérfraeðingsstarf	launaflokkur	11.0

Við ákvörðun um það hvar geislafræðingur raðast er miðað við færni hans til þess að sinna þeim verkefnum sem leysa þarf á viðkomandi starfseiningu. Við mat á þessari færni er miðað við starfsreynslu starfsmanns eftir að hann hefur öðlast starfsréttindi og að hann mæti kröfum starfsins og stofnunarinnar. Geislafræðingurinn færist því sjálfkrafa á milli starfs 1 og starfs 2 eftir að hann hefur unnið í 12 mánuði. Geislafræðingurinn færist síðan milli starfa eftir mati á þeirri kunnáttu og sérhæfingu sem hann hefur náð. Í meginindráttum er við það miðað að starfsmaður hafi öðlast þá færni að hann geti leyst öll þau verkefni sem eru í skilgreiningum fyrir starfið. Geislafræðingurinn færist á milli starfa eftir umsókn þar að lútandi til samstarfsnefndar.

K.S.HR
VIF
BIB
DJK

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Félags geislafræðinga

3.2 Nánari skilgreiningar á störfum

Starf 1 - Byrjandi í starfi - (launaflokkur 7.0)

Grunnkröfur:

Próf og starfsleyfi frá viðurkenndri stofnun og starfsleyfi frá Embætti landlæknis. Geislafræðingurinn er að hefja störf í fagi sínu og hefur einungis lokið starfsþjálfun sem hluta af háskólanámi sínu.

Ábyrgð:

Í starfinu felst ábyrgð á öllum almennum verkefnum geislafræðinga samkvæmt lögum, reglugerðum og að unnið sé að markmiðum fagsins, starfseiningarinnar og stofnunarinnar.

Helstu þættir:

Almenn verkefni:

- Starfsmaður nýtur tilsagnar reyndari geislafræðings við störf sín og starfar sjálfstætt að því marki sem yfirmaður ákveður.

Starf 2 – Sjálfstæður í starfi - (launaflokkur 8.0)

Grunnkröfur:

Umfram starf 1. Geislafræðingur með a.m.k. 12 mánaða starfsreynslu og getur leyst af öryggi almenn verkefni starfseiningar án beinnar tilsagnar.

Ábyrgð:

Í starfinu felst ábyrgð á öllum almennum verkefnum geislafræðinga samkvæmt lögum, reglugerðum og að unnið sé að markmiðum fagsins, starfseiningarinnar og stofnunarinnar.

Helstu þættir:

- Starfsmaður starfar sjálfstætt án beinnar tilsagnar og tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu. Leitar til reyndari geislafræðings ef þörf krefur.
- Metur árangur starfsins eða þeirrar meðferðar sem hann veitir.
- Sinnir bakvöktum jafnt á við aðra starfsmenn deildarinnar ef við á.

Starf 3 – Fær í starfi – (launaflokkur 9.0)

Grunnkröfur:

Umfram starf 2. Hefur starfað í a.m.k. þrjú til fimm ár sem geislafræðingur og uppfyllir eftirfarandi.

Ábyrgð:

Í starfinu felst ábyrgð á öllum almennum verkefnum geislafræðinga samkvæmt lögum, reglugerðum og að unnið sé að markmiðum fagsins, starfseiningarinnar og stofnunarinnar.

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Félags geislafræðinga

Helstu þættir:

- Skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja.
- Skipuleggur og veitir fræðslu, auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum.
- Færni til að sinna af öryggi fjölbreyttum verkefnum og hefur heildræna yfirsýn yfir starfið.
- Tekur virkan þátt í þróun fags innan deildar og er þátttakandi í gæðastarfi.

Starf 4 – Mjög fær í starfi – (launaflokkur 10.0)

Grunnkröfur:

Geislafræðingurinn hefur mjög mikla starfsreynslu í faginu og getur leyst af hendi öll verkefni fagsins, hefur öðlast mikla reynslu í starfi og er fær um að skipuleggja og leysa sjálfstætt öll verkefni starfsins. Geislafræðingurinn hefur starfað í átta ár sem geislafræðingur og uppfyllir eftirfarandi.

Ábyrgð:

Í starfinu felst ábyrgð á öllum almennum verkefnum geislafræðinga samkvæmt lögum, reglugerðum og að unnið sé að markmiðum fagsins, starfseiningarinnar og stofnunarinnar.

Helstu þættir:

- Færni til þess að takast á við fjölbælt/fjölbreytt verkefni sem krefjast reynslu og færni í öllum þáttum í starfsemi starfseiningar/starfs og krefjast þess að starfsmaður sýni frumkvæði og sjálfstæði og sé leiðandi í starfi.
- Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja.
- Skipuleggur og veitir fræðslu auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags innan deildar og er þátttakandi í gæðastarfi.

Starf 5 – Sérfræðingur – (launaflokkur 11.0)

Grunnkröfur

Geislafræðingur hefur mjög mikla starfsreynslu í faginu og getur leyst af hendi öll verkefni fagsins sem krefjast framhaldsmenntunar / sérfræðileyfis. Viðkomandi geislafræðingur raðast a.m.k. tveim flokkum ofar en hann raðaðist áður en hann fékk sérfræðistarfið.

Ábyrgð:

Í starfinu felst ábyrgð á öllum almennum verkefnum geislafræðinga samkvæmt lögum, reglugerðum og að unnið sé að markmiðum fagsins, starfseiningarinnar og stofnunarinnar.

Helstu þættir:

- Viðtæk þekking sem byggir á viðamikilli og fjölbreyttri reynslu og sí- og endurmenntun.

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Félags geislafræðinga

- Færni til þess að takast á við fjölbætt/fjölbreytt verkefni sem krefjast reynslu og færni í öllum þáttum í starfsemi starfseininger/starfs og krefjast þess að starfsmaður sýni frumkvæði og sjálfstæði og sé leiðandi í starfi.
- Færni til að hafa umsjón með og bera ábyrgð á úrlausn afmarkaðra verkefna og taka þátt í próun og stjórnun deildar.
- Er ráðgefandi varðandi sérhæfðar rannsóknir.
- Skipuleggur kennslu á sínu sérsviði.

4. Sérverkefni (1- 2 viðbótarlaunaflokkar)

Auk almennra starfa eru skilgreind sérverkefni sem byggja á því að starfsmaður geti fengið 1-2 launaflokka fyrir hvert verkefni ofan á grunnröðun launa sinna fyrir umsjón með sérstaklega skilgreindum verkefnum eða ábyrgð, sem fellur utan hefðbundinna starfa.

Skilyrði er að starfið sé skilgreint í starfslýsingu og/eða erindisbréfi og staðfest af forstöðumanni myndgreiningadeildar. Slík störf skulu hafa upphafs- og lokatíma, þó ekki lengri tíma en 24 mánuði í senn.

4.1 Nánari skilgreining á sérverkefnum

Grunnkröfur:

Gerð er krafa um sérstaka færni í starfi, sérþekkingu og reynslu á sviði ákveðinna málaflokka. Einnig er gerð krafa um skipulagshæfileika og færni í mannlegum samskiptum. Reynsla af stjórnun er æskileg. Æskilegt er að starfsmaður hafi viðbótarmenntun eða hafi sýnt sérstakt frumkvæði og áhuga á viðkomandi verkefni/málaflokki.

Ábyrgð:

Starfsmaður ber ábyrgð sem skilgreind er í starfslýsingu / erindisbréfi þar sem m.a. skal skýrt tekið fram um verksvið og valdmörk starfsins.

Heilstu þættir

Starfið þarf að fela í sér two eða fleiri af neðangreindum þáttum:

- Umsjón og ábyrgð á þjónustu og fagþróun í ákveðnum málflokkum eða við ákveðna starfseiningu/einingar.
- Umsjón og ábyrgð á þróunarvinnu, gæðastjórnun, breytingastjórnun og innleiðingu nýjunga.
- Umsjón og ábyrgð á gerð og uppfærslu verkferla.
- Stjórnun starfsmanna samkvæmt sérstöku umboði yfirmanns eða sem staðgengill yfirmanns s.s. verkstjórn, skipulagningu og samræmingu á vinnu starfsmanna á einingu/einingum samkvæmt stjórnskipuriti.
- Ábyrgð á faglegri þróun, þátttöku í þverfaglegri vinnu og í skipulagningu og stefnumótun.
- Umsjón og ábyrgð á innleiðingu nýrrar tækni, aðferða eða meðferðarúrræða.
- Skipulagningu og umsjón með kennslu nemenda.

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Félags geislafræðinga

5. Einingastjóri

Einingastjóri ber ábyrgð á ákveðnum verkefnum samkvæmt starfslýsingu og fær two launaflokka ofan á grunnröðun sína. Á myndgreiningardeild eru eftirfarandi einingastjórar:

- Einingastjóri segulómunar
- Einingastjóri tölvusneiðmyndar
- Einingastjóri skyggnirannsókna
- Einingastjóri röntgenrannsókna
- Einingastjóri brjóststarannsókna
- Einingastjóri beinþéttirannsókna
- Einingastjóri skyggnirannsókna utan deildar

Skilyrði er að starfið sé skilgreint í starfslýsingu og/eða erindisbréfi og staðfest af forstöðumanni myndgreiningadeildar. Slik störf skulu hafa upphafs- og lokatíma, þó ekki lengri tíma en 5 ár í senn.

6. Hæfni og reynsla

Auk færslu milli starfa og þar með launaflokka (lóðréttur ás í launatöflu) getur starfsmaður fengið álagsþrep fyrir hæfni og reynslu (láréttur ás í launatöflu). Hæfni og reynsla er metin til hækunar um allt að fjögur álagsþrep samanlagt af viðkomandi launaflokki.

Geislafræðingur sækir um álagsþrep til samstarfsnefndar. Álagsþrepin eru ákvörðuð eftir árafjölda frá útskrift og mati næsta yfirmanns á hæfni í vinnubrögðum.

5.1 Skipting álagsþrepa

Aukin reynsla

10 ár frá útskrift sem geislafræðingur eitt þrep

Aukin hæfni í vinnubrögðum

Sjálfstæði eitt þrep

Frumkvæði eitt þrep

Góður árangur eitt þrep

Samtals 4 þrep

5.2 Nánari skilgreining og mat á einstökum þáttum

Aukin reynsla

Geislafræðingur sem starfað hefur í 10 ár frá útskrift fær eitt þrep á laun sín.

Aukin hæfni í vinnubrögðum

Þættir er lúta að mati á aukinni hæfni í vinnubrögðum, þ.e. sjálfstæði, frumkvæði og góðum árangri eru metnir í samtali við næsta yfirmann á þar til gerðum eyðublöðum sem aðgengileg eru á innri vef sjúkrahússins.

Sjúkrahúsið á Akureyri

ORYGGI - SAMVINNA - FRAMSÆKNI

Félag geislafræðinga Bls. 5

K.S. KR
V.F.
B.B.
D.C.P.

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Félags geislafræðinga

Starfsmaður getur áunnið sér allt að þremur álagsþrepum ofan á grunnröðun eftir mat á hæfni og starfsreynslu eftir a.m.k. 6 mánuði í starfi.

5.3 Áunnin starfsreynsla

Reynsla sem geislafræðingur hefur áunnið sér annars staðar frá verði lögð til jafns á við starfsreynslu á SAK.

7. Formleg menntun og námskeið

Geislafræðingar geta fengið að hámarki 7 þrep fyrir viðbótarmenntun sem nýtist í starfi og að hámarki 1 þrep fyrir námskeið og fagráðstefnur.

6.1 Skipting álagsþrepa og launaflokka

Námskeið og fagráðstefnur	180 stundir	1 þrep
Diplómanám 30 ECTS sem nýtist í starfi		1 þrep
Diplómanám 60 ECTS sem nýtist í starfi		2 þrep
Meistararanám 120 ECTS sem nýtist í starfi		4 þrep
Doktorsnám		6 þrep

Samtals 7 þrep

6.2 Nánari skilgreining og mat á einstökum þáttum formlegrar menntunar og námskeiða

Námskeið og fagráðstefnur

Skipulögð námskeið/fagráðastefnur gefa geislafræðingi eitt álagsþrep á laun sín. Námskeiðin/fagráðstefnurnar skulu að lágmarki vera 6 kennslustundir eða ein ECTS eining hvert, samtals 180 stundir. Skilyrði er að sýnt sé fram á viðveru með staðfestu skjali. Einungis námskeið og fagráðstefnur á síðustu 10 árum frá umsókn teljast gjaldgeng í þessu mati.

Diplómanám 30 ECTS einingar

Þegar starfsmaður hefur lokið formlegu diplómanámi á háskólastigi sem nýtist í starfi, umfram grunnkröfur starfs, fær hann eitt þrep enda sé námið a.m.k. 30 ECTS.

Diplómanám 60 ECTS einingar

Þegar starfsmaður hefur lokið formlegu diplómanámi á háskólastigi sem nýtist í starfi, umfram grunnkröfur starfs, fær hann tvö þrep enda sé námið a.m.k. 60 ECTS. Ef starfsmaður hefur áður fengið þrep fyrir diplómanám sem er 30 ECTS einingar fær hann eitt álagsþrep til viðbótar.

Að meginsteftnu skal við það miðað að um samfellt nám sé að ræða. Ljúki starfsmaður tveimur 60 ECTS eininga diplómagráðum innan fags skal launa hann með fjórum þrepum.

Stofnanasamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Félags geislafræðinga

Meistaranám

Þegar starfsmaður hefur lokið meistaranámi fær hann tvö þrep sem koma til viðbótar við þau þrep sem viðkomandi fékk fyrir diplómanám hafi það verið undanfari meistaranámsins. Sá sem lýkur meistaranámi en hefur ekki fengið þrep vegna diplómanáms fær fjögur þrep ofan á grunnröðun sína. Meistaranám skal vera 120 ECTS nám að lágmarki.

Doktorspróf

Þegar starfsmaður hefur lokið doktorsprófi fær hann tvö álagsþrep til viðbótar við þau þrep sem hann hefur fyrir meistaranámið sitt.

Umsóknir um þrep vegna viðbótarnáms eða námskeiða fara til samstarfsnefndar sem ákvarðar um málið eftir þeim gögnum sem nefndinni berast. Áriðandi er að skila vottuðum og dagsettum gögnum um fjölda eininga og stunda.

8. Réttur til endurmats á röðun

Starfsmaður á rétt á endurmati á grunnröðun starfsins telji hann að forsendur röðunar hafi breyst. Jafnframt á hann rétt á upplýsingum um forsendur röðunar. Slíkt endurmat getur farið fram allt að einu sinni á ári. Við matið skal taka tillit til breytinga á starfi og starfssviði frá því starfið var metið síðast. Skriflegu rökstuddu erindi þar að lútandi skal beina til næsta yfirmanns.

Ágreiningsmálum vegna framkvæmdar stofnanasamningsins skal skotið til samstarfsnefndar.

Gildistaka

Samningur þessi gildir frá og með 1. júní 2019 og gildir fyrir alla geislafræðinga á Sjúkrahúsinu á Akureyri sem starfa og njóta ráðningakjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags geislafræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og úrskurði gerðardóms frá 14. ágúst 2015.

Með gerð stofnanasamnings þessa hafa aðilar orðið ásáttir um að hækkanir byggðar á viðauka gerðardóms frá 14.08.2018 um 1,65% hækjun til útfærslu menntunarákvæða séu komnar inn í samninginn.

Akureyri 21.12.2018

f.h. Sjúkrahússins á Akureyri

Hulda Þuríður
Þóra G. Þorsteinsdóttir

f.h. Félags geislafræðinga

VALA FRIMANNSJÓTTIE
Brynjólfur Lind Bryngeirs dóttir
Katrín Sigurdardóttir

Sjúkrahúsið á Akureyri

ORYGGI - SAMVINNA - FRAMSÆKNI

Félag geislafræðinga Bls. 7

PK
VF
BIB
PBT

